



Úthlutunaráætlun 2022 og 10 ára úthlutunaráætlun til óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga

Lögð er fram meðfylgjandi uppfærð áætlun um lóðaúthlutun til 2030 til óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga.

Greinargerð

Úthlutunaráætlun fyrir 2022 og 10 ára úthlutunaráætlun var samþykkt á fundi borgarráðs þann 28. október sl. Samhliða var samþykkt að undirbúnar yrði vilyrði og viljayfirlýsingar til óhagnaðardrifinna félaga til næstu fjögurra ára og sett fram tíu ára langtíma sýn á uppbyggingu á þeirra vegum.

Meðfylgjandi er uppfærð tillaga að lóðaúthlutunum ársins 2023 og lóðaúthlutunaráætlun óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga til næstu tíu ára. Áfram er unnið að undirbúningi að vilyrðum og úthlutunum félaga sem einkum byggja í þágu eldri borgara.

Jafnframt liggur til afgreiðslu lóðarvilyrði og viljayfirlýsingar til fimm óhagnaðardrifinna félaga.

Bjarg, íbúðafélag verkalýðshreyfingarinnar hefur verið umfangsmikið í uppbyggingu á undanföllum árum. Á tveimur næstu árum verður lokið við að uppfylla viljayfirlýsingu við félagið frá 12. mars 2016 um 1.000 íbúðir í Reykjavík og miðast áætlanir félagsins við að byggja um 100 íbúðir í Reykjavík árlega eftir það. Reykjavíkurborg hefur þegar úthlutað eða veitt Bjargi lóðarvilyrði fyrir um 210 íbúðum á fjórum lóðum víðsvegar um Reykjavíkurborg sem fara í byggingu á næstu misserum. Þá liggur fyrir borgarráði tillaga um vilyrði fyrir allt að 190 íbúðum á fjórum lóðum sem gert er ráð fyrir að komi til úthlutunar á árunum 2022-2024. Því til viðbótar liggur fyrir tillaga að viljayfirlýsingu fyrir allt að 505 íbúðum sem gert er ráð fyrir að komi til úthlutunar á árunum 2024-2028. Að teknu tilliti til þeirra lóða sem Bjarg þegar hefur fengið úthlutað eða vilyrði fyrir er gert ráð fyrir að Bjarg geti á næstu árum byggt allt að 905 íbúðir á um 17 reitum víðsvegar um borgina.

Byggingafélög námsmanna hafa einnig byggt á grunni viljayfirlýsinga sem borgin mun ljúka að uppfylla á næstu tveimur árum og gera félögin ráð fyrir að byggja áfram í jöfnum takti til framtíðar. Nú liggur fyrir tillaga að lóðarvilyrði fyrir um 65 íbúðum í Arnarbakka. Gert er ráð fyrir að lóðinni verði úthlutað á þessu ári. Auk þess liggur fyrir tillaga að viljayfirlýsingu fyrir um 140 íbúðum á þremur lóðum sem gert er ráð fyrir að úthlutað verði á árunum 2025-2027. Verði lóðarvilyrðin og viljayfirlýsingin samþykkt er gert ráð fyrir að Byggingarfélag námsmanna geti byggt allt að 205 íbúðir á fjórum lóðum.

Búseti hefur byggt upp af krafti í takt við viljayfirlýsingu við borgina og hefur í auknu mæli farið í samstarf við önnur óhagnaðardrifin félög. Félagið hyggst byggja áfram í jöfnum takti áfram næstu ár. Fyrir borgarráði liggur tillaga að lóðarvilyrði fyrir um 70 íbúðum á tveimur lóðum sem gert er ráð fyrir að verði úthlutað á árunum 2023-2024. Til viðbótar liggur fyrir viljayfirlýsing um allt að 265 íbúðum á fjórum lóðum sem gert er ráð fyrir að úthlutað verði á árunum 2025-2028. Verði lóðarvilyrðin og viljayfirlýsingin samþykkt er gert ráð fyrir að Búseti geti byggt um 335 íbúðir á næstu árum.



Félagsbústaðir hafa á undanförunum árum byggt talsvert af íbúðarkjörnum fyrir fatlaða auk þess að hafa fest kaup á íbúðum til útleigu. Fyrir borgarráði liggur tillaga að lóðarvilyrði fyrir allt að 24 íbúðum á tveimur lóðum. Gert er ráð fyrir að þeim verpi úthlutað á árunum 2023. Til viðbótar liggur fyrir borgarráði tillaga um viljayfirlýsingu um allt að 93 íbúðum sem gert er ráð fyrir að úthlutað verði á árunum 2025-2029. Þegar hefur Félagsbústaðir fengið úthlutað eða vilyrði fyrir lóðum undir allt að 35 íbúðum. Verði lóðarvilyrðin og viljayfirlýsingin samþykkt er gert ráð fyrir að Félagsbústaðir geti byggt íbúðarkjarna með um 151 íbúð.

Félagsstofnun stúdenta hafa byggt upp verulegan fjölda stúdenta íbúða, einkum á Háskólasvæðinu en einnig í Brautarholti, Fossvogi og við Lindargötu. Fyrir borgarráði liggur tillaga að lóðarvilyrði fyrir allt að 12 íbúðum við Vatnsstíg. Gert er ráð fyrir að lóðinni verði úthlutað síðar á þessu ári. Þá liggur jafnframt fyrir borgarráði tillaga að viljayfirlýsingu fyrir um 239 íbúðum á fjórum lóðum sem gert er ráð fyrir að verði úthlutað á árunum 2025-2028. Þegar hefur Félagsstofnun stúdenta fengið vilyrði fyrir allt að 110 íbúðum í Skerjafirði. Verði lóðarvilyrðið og viljayfirlýsingin samþykkt er gert ráð fyrir að Félagsstofnun stúdenta geti byggt allt að 361 stúdentaíbúð á næstu árum.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Uppfærð áætlun um lóðaúthlutun.

Húsnæðisfélög

| # | Húsnæðisfélag | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | Samtals: | Vilja fá | Munur: | %minna |
|---|----------------|------------------|---------------------|--------------------|--------------------|---------------------|----------------------|------------------|-----------------------|---------------------|---------------------|----------|----------|--------|--------|
| 1 | Námsmenn | HF | HF4 | HF7 | HF10 | HF13 | HF16 | HF19 | HF22 | HF25 | HF28 | 629 | 600 | 29 | 5% |
| | | | Arnarbakki 65 | | | Gufunes II 40 | Miklubr.stokkur 70 | Sæbr. stokkur 50 | Skerjafjörður II 79 | Vogur 53 | Óstaðsett 50 | | | | |
| | | | Vatnsstigur 12 | | | Sóleyjarrími 50 | | | | | | | | | |
| | | | Skerjafjörður 1 110 | | | Ú-reitur 50 | | | | | | | | | |
| | | | | | | Vesturbugt 60 | | | | | | | | | |
| 2 | Bjarg | | | Gufunes II 30 | | Ú-reitur 50 | Miklubr.stokkur 70 | Skerjafjörður 72 | Sæbrautarstokkur 40 | Óstaðsett 50 | Vogur 118 | 1115 | 1000 | 115 | 12% |
| | | | Skerjafjörður 1 92 | | Veðurstofuhæð 50 | Safamýri 50 | | | | Óstaðsett 50 | | | | | |
| | | | Háaleiti 40 | | Gufunes II 30 | Vogur 73 | | | | | | | | | |
| | | | Vindás 60 | Rangársel 60 | | Korpureitir 50 | | | | | | | | | |
| | | | Haukahlíð 70 | Veðurstofuhæð 60 | | | | | | | | | | | |
| 3 | Eldri borgarar | | | Leirtjörn vest 100 | Leirtjörn vest 100 | Leirtjörn vestur 85 | Gufunes II 30 | Ártún Vogur 92 | Krossamýrartorg 80 | Vogur 58 | Sæbrautarstokkur 20 | 1096 | 1000 | 96 | 10% |
| | | | | | Safamýri 50 | Völvufell 50 | Skerjafjörður II 65 | Kringlan 50 | Ártún Vogur 86 | Óstaðsett 50 | | | | | |
| | | | | | Korpureitir 100 | | | Miklubr. stok 30 | Óstaðsett 50 | | | | | | |
| 4 | Búseti | | | Rangársel 40 | Gufunes II 30 | Korpureitir 50 | Bryggjuhverfi III 85 | Sæbr. stokkur 50 | Miklubrautarstokki 80 | | Óstaðsett 35 | 370 | 350 | 20 | 6% |
| 5 | Félagsbústaðir | Sjómannaskóli 10 | Vindás 7 | Stekkjabakki 12 | | Leirtjörn vestur 15 | Gufunes II 10 | Skerjafjörður 10 | Miklubrautarstokki 15 | Skerjafjörður II 13 | Óstaðsett 15 | | | | |
| | | | Haukahlíð* 18 | Hverafold 7 12 | | | | Gufunes II 10 | Krossamýrartorg 10 | Sæbrautarstokkur 20 | | | | | |
| | | | | Nauthólsvegur 12 | | | | Ártún Vogur 23 | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | 212 | 200 | 12 | 6% |
| 6 | Blær | Leirtjörn 36 | | | | | | | | | | 36 | | | |
| | | 46 | 474 | 326 | 360 | 623 | 330 | 387 | 490 | 244 | 238 | 3458 | 3150 | | |
| | | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | | | | |

| | |
|-------------------|----------|
| Eldri borgara: | Vilja fá |
| Samtök aldraðra | 240 |
| Grund | 100 |
| Félag eldri borga | 300 |
| Leigufélag aldrað | 120 |
| B.samvi.f. samtöl | 240 |
| | 1000 |

* Kaupréttur